

Umsögn um;

Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu

Undirritaðir eru plöntuvistfræðingar sem starfað hafa um árabíl á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og á Náttúrufræðistofnun Íslands og fengist hafa við margs konar gróðurannsóknir á landinu, m.a. á gróðurframvindu og um áhrif beitar á gróður.

Almennt um reglugerðina

Lagðar eru fram tillögur að reglugerð um hvernig unnt er að tryggja sjálfbæra landnýtingu í samræmi við lög um landgræðslu. Það er að okkar mati jákvætt að þessi drög skuli vera komin fram og til umræðu. Við höfum einkum skoðað kaflann um beitarnýtingu en ekki farið að ráði yfir kaflann um jarðrækt og akuryrkju enda teljum við að þekking okkar sé einkum um gróðurfar landsins, beit og beitarnýtingu.

Hér að neðan setjum við fram okkar athugasemdir í sömu röð og reglugerðin tekur þær fyrir. Texti sem tekinn er beint upp úr reglugerðinni er skyggður.

3. gr. Orðskýringar

1. Akuryrkja - 1. Land sem er nýtt til framleiðslu nytjajurta með íhlutun, svo sem sléttun, framræslu, áburðargjöf, jarðvinnslu, gróðursetningu, sáningu eða öðrum ræktunaraðgerðum. Nýting lands í alla árlega/einæra og fjölæra ræktun. Land þar sem ræktað er: matjurtir svo sem ýmsar korntegundir, baunir, rótarávextir, grænmeti; plöntur sem nýttar eru til iðnaðar, ávextir, blóm og fódurjurtir, fræ og unglöntur.

Við fáum ekki séð að akuryrkja geti nokkurn tíma verið land. Betra væri að segja: Starfsemi þar sem land er nýtt til framleiðslu nytjajurta með íhlutun.

4. Beitarland: Land sem er nýtt til beitar húsdýra og fellur undir landflokkinn graslendi, sbr. leiðbeiningar IPCC, *Good Practice Guidance for Land Use, Land- Use Change and Forestry* (2003) og *IPCC Guidelines for National Geehouse Gas Inventories* (2006).

Hér er notað orðið beitarland sem vissulega er til í íslensku máli. Miklu algengara er hins vegar að nota orðið beitaland um land sem nýtt er til er beitar. Teljum við mun æskilegra að nota orð sem almenningi eru tamari en þau sem sjaldgæfari eru þótt þau séu góð og gild í málfræðilegum skilningi. Benda má að orðið beitaland kallast vel á orðið fiskimið.

Sagt er að beitarland falli undir landflokkinn graslendi og vísað í erlenda skilgreiningu. Hér á landi er graslendi ekki eins víðtækur flokkur og hér er vísað til. Að okkar mati er ekki boðlegt að nota hugtakið graslendi sem skilgreiningu á beitalandi án þess að skýra það frekar. Einnig er mjög óheppilegt svo ekki sé meira sagt að nota hugtakið graslendi í allt annarri og víðtækari merkingu en viðtekið er hér á landi.

8. *landhnignun (hningun)*: Ferli sem leiðir t.d. til minnkandi framleiðni lands eða minnkandi líffræðilegs fjölbreytileika vegna stýrðrar landnýtingar og stafar af breytingum á næringarefna-, orku-, og/eða vatnshringrás vistkerfis. Rof er hluti hnignunarferils en jarðvegseyðing lokastig.

Í þessum drögum er líffræðilegur fjölbreytileiki ekki skýrður nánar eða hvernig hann skal mældur eða metinn. Hér virðist landhnignun eingöngu ná til stýrðrar landnýtingar. Hver er t.d. munurinn á landnýtingu og stýrðri landnýtingu? Nú er ljóst að rof getur bæði orðið af náttúrlegum orsökum og t.d. tengt umsvifum manna. Svo virðist að menn hafi hugsað sér að aðgreina þetta tvennt því hér er talað um rof af völdum landnýtingar. Ef svo er hvernig hafa menn hugsað sér að gera það?

12. *Nýtingarland*: Svæði innan beitarlands sem geta verið nýtt á hverjum tíma skv. reglugerð þessari.

Hér er að okkar mati ekki ljóst hvað átt er við. Er um að ræða land sem hugsanlegt er að nýta, nýta má eða sem talin eru nýtingarhæf? Hvað átt er við þarf að vera algerlega ljóst.

13. *Nýtingarhlutfall*: Hlutfall svæða innan beitarlands sem geta verið nýtt á hverjum tíma.

Hér er svipað uppi á teningnum. Ekki ljóst hvað við er átt. Eru þetta svæði sem nýta má á hverjum tíma, eða t.d. svæði sem nýtt eru?

14. *Óvarinn jarðvegur*: Jarðvegur án gróðurhulu, grjótþekju eða annars konar þekju sem hylur yfirborðið.

Hér þyrfti að taka fram hversu stórir steinar þurfa að vera til þess að kallast grjót.

18. *Visteining*: Samfellt einsleitt landsvæði sem hefur ákveðna eiginleika þannig að það sker sig úr öðrum visteiningum hvað varðar landform og í svörun sinni við landnýtingu. Visteining getur samsvarað eða verið hluti af svæði sem telst til ákveðinnar vistgerðar. Visteiningar skulu kortlagðar í mælikvarðanum 1:12.000 – 1:100.000.

Hér er nýtt hugtak tekið í notkun og því mikilvægt að það sé vel skilgreint eða vísað í erlendar fyrirmyndir. Þetta eru væntanlega þær einingar sem ætlunin er að vinna með þegar meta skal sjálfbærni lands. Hér er það skilyrði sett fram að landið þurfi að vera samfellt og einsleitt. Land á Íslandi yfirleitt ekki mjög einsleitt svo það er að okkar mati betra að sleppa því að gera þær kröfur að visteiningin þurfi að vera það.

Miðað við skilgreininguna er líklegt að hér sé ætlunin að nota vistgerðir sem grunn að skiptingu í visteiningar. Sagt er að visteining geti samsvarað eða verið hluti af svæði af ákveðinni vistgerð. Hvort slá á saman líkum vistgerðum á sama svæði í visteiningu er hins vegar ekki ljóst af skilgreiningunni sem okkur finnst vel koma til greina. Ef svo er þarf það að koma fram í skilgreiningu.

19. *Vistgerð*: Eining lands sem býr yfir ákveðnum eiginleikum hvað varðar loftslag, berggrunn, jarðveg, gróður og dýralíf. Innan sömu vistgerðar eru aðstæður með þeim hætti að þar þrífast svipuð samfélög plantna og dýra. Samheiti vistgerðar er búsvæði (e. *habitat*).

Hér er sagt að samheiti vistgerðar sé búsvæði sem er ekki rétt. Sem höfundar að lýsingu á vistgerðum á Íslandi förum við fram á að þetta verði leiðrétt og síðasta setningin þurrkuð út. Búsvæði vísar til umhverfis sem einstakar tegundir lifa og hrærast í.

20. *Vistgeta*: Eiginleiki sem endurspeglar þá nýtingarmöguleika sem liggja í landinu (visteyningu). Vistgeta ræðst af loftslagi, jarðvegi og landslagi og endurspeglar hvert ástand þess á að vera sé hnignun ekki til staðar.

Óljóst - erum ekki með tillögu til úrbóta þar sem við vitum ekki við hvað er átt. Er hér átt við ákveðið stig í framvindu þá miðað við ákveðna nýtingu svo sem beit? Er hér hugsanlega átt við einhvers konar lokastig í framvindu (climax) sem raunar er ekki til þegar grannt er skoðað.

5. gr. Meginreglur sjálfbærrar landnýtingar

Við mat á því hvort landnýting teljist sjálfbær skal leggja til grundvallar eftirfarandi meginreglur:

1. Að nýting taki mið af vistfræðilegu ástandi og getu lands.
2. Að stuðla að viðhaldi eða eflingu líffræðilegrar fjölbreytni vistkerfis.
3. Að vernda, viðhalda og byggja upp jarðveg.
4. Að vernda, viðhalda og auka kolefni í jarðvegi og gróðri.
5. Að vernda, viðhalda og auka vatnsmiðlun og vatnsgæði.
6. Að vernda, viðhalda og auka loftgæði.
7. Að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnýtingar.

Hér eru settar fram meginreglur sjálfbærrar landnýtingar sem væntanlega á að hafa í huga en ekki endilega mæla eða vakta. Þarna er talað um að nýting taki mið af vistfræðilegu ástandi og getu lands. Þá kemur strax upp í hugann hvað sé vistfræðileg geta og einnig um getu lands til hvers? Þetta mætti orða skýrar.

10. gr. Ósjálfbær landnýting og landbótaáætlun

Leiði eftirlit Landgræðslunnar eða sveitarstjórnar með ástandi lands í ljós að nýting lands samræmist ekki viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu skv. reglugerð þessari skal Landgræðslan leiðbeina eiganda og/eða réttihafa lands um gerð landbótaáætlunar skv. 12. gr. laga nr. 155/2018, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn og eftir atvikum aðrar hlutaðeigandi stofnanir. Áætlunin skal unnin í samráði allra aðila sem nytja landið, eigenda

þess og annarra umráðahafa. Sé um að ræða afrétti skal landbótaáætlun unnin í nafni stjórnar þess fjallskilaumdæmis, ef um heil fjallskilaumdæmi ræðir, ellegar stjórnar þeirrar fjallskiladeildar sem fer með stjórn afréttamála á viðkomandi afrétti.

Að okkar mati er afar mikilvægt að komið verði í veg fyrir ósjálfbæra landnýtingu og að landbótaáætlanir takist vel. Það er hins vegar umhugsunarvert að Landgræðslan skuli hafa svo víðtækt hlutverk sem raun ber vitni en hún mótar reglurnar, leiðbeinir um aðgerðir, metur árangur af aðgerðum og getur síðan beitt ýmsum ráðstöfunum sé ekki farið að settum reglum svo sem óskað eftir ítölu eða beitt þvingunarúrræðum í vissum tilvikum. Það má því segja að stofnunin sitji beggja vegna borðs í þessu máli sem varla telst heppileg stjórnsýsla.

d) Landbótaáætlun fyrir beitarlönd skal fela í sér ákvæði um fyrirhugaðan fjölda búfjár, lengd beitar tíma, fyrirkomulag upprekstrar og smölunar og eftir atvikum áætlun um landbætur s.s. uppræðslu. Tilgreina þarf hvernig farið skuli með búfé sem finnst á friðuðum svæðum.

Þetta teljum við afar mikilvægt, einkum hvað varðar fjölda búfjár og lengd beartíma en þetta tvennt hefur vafalaust mikil áhrif á hvort beitarneyting verði sjálfbær eða ekki.

g) Árangursmat. Í landbótaáætlun skal tilgreina með hvaða hætti árangursmat á landbótum skuli fara fram. Við árangursmat fyrir beitarlönd er farið eftir leiðbeiningum GróLindar um mælingar landnotenda. Árangur úrbóta skal metinn eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Hér er kveðið á um að meta skuli árangur úrbóta eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Í ljósi þess að gróður bregst frekar hægt við breyttum aðstæðum, einkum til heiða og á hálendi, er þetta allt of stuttur tími og sennilega illfrankvæmanlegt nema með miklum tilkostnaði. Hugsanlega mætti gera þetta nokkuð oft í byrjum en draga síðan úr þegar ljóst er að hvort aðgerðir bera árangur.

VIÐAUKI I

1. gr. Um mat á ástandi beitarlands og sjálfbærni beitar.

1. Sjálfbær beitarnýting einkennist af nýtingu á landi sem:

- a. Hefur hátt hlutfall æðplantna.
- b. Hefur lítinn sem engan óvarinn jarðveg eða rof.
- c. Er ekki í hnignuðu ástandi m.v. vistgetu.
- d. Ætla má að núverandi nýting muni ekki leiða til hnignunar.

2. Mat á ástandi beitarlands skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Vera heildstætt og ná til alls beitarlandsins, hvort sem um er að ræða heimaland, úthaga, upprekstrarheimaland eða afrétti.
- b. Það skal taka tillit til vistgetu og nýtingargetu allra visteininga beitarlandsins.
- c. Matið skal vera byggt á viðurkenndum vísindalegum grunni.
- d. Það skal framkvæmt af Landgræðslunni eða aðilum sem hafa hlotið til þess bæra þjálfun og í kjölfarið viðurkenningu Landgræðslunnar til að meta ástand lands.
- e. Matið skal fara fram eins oft og þörf krefur en ekki sjaldnar en á 5 ára fresti.

Hér eru settir fram nokkrir punktar almennum orðum sem er mjög gott. Þarna er einnig er tekið fram (liður c) að matið skuli byggt á viðurkenndum vísindalegum grunni. Við viljum gjarna geta tekið undir það. Hins vegar er ljóst að margt af því sem fram kemur í þessum drögum, sérstaklega um mat á ástandi beitarlands í viðauka I, getur enn sem komið er ekki byggst á sterkum vísindalegum grunni vegna þess að þekking er í mörgum tilvikum brotarkennd og af skornum skammti.

Í ljósi þess að í reglugerðinni skal styðjast við vísindaleg rök svo sem að mat beitarlands skal byggja á vísindalegum grunni er mjög æskilegt að setja í stuttu máli fram í sérstakri greinargerð með reglugerðinni öll þau vísindalegu rök sem stuðst er við og reglugerðin er byggð á. Má þar t.d. nefna hvers vegna ekki skal beita land yfir 700 m hæð, ekki beita land þar sem halli er meiri en 30°, hvers vegna miða skal við 20% æðplöntuþekju þegar nýtingarland er afmarkað, hvers vegna visteiningar í hnignuðu ástandi mega ekki vera yfir 30% af heildarflatarmáli nýtingarsvæðis (sjá II. Beitarland á leið í sjálfbæra nýtingu) og svo framvegis.

2. gr. *Framkvæmd mats á ástandi lands með tilliti til sjálfbærni beitar.*

Mat á beitarlandi m.t.t. sjálfbærrar landnýtingar felst í A) skilgreiningu beitarlands, B) skiptingu í vistingar og flokkun beitarlands, C) mati á vistingum, D) útreikningum á sjálfbærri nýtingu beitarlands og E) vöktun á ástandi beitarlands (ástandsmat).

Við gerum ekki athugasemdir við þessa framsetningu nema lið A, þ.e. skilgreiningu beitarlands. Er hér ekki átt við afmörkun beitarlands frekar en skilgreiningu beitarlands?

A. Skilgreining beitarlandsins (afmörkun beitarlandsins?)

Skilgreiningar á beitarlandi miðast við beitarlandabekju GróLindar. Nýtingarland beitarlandsins er reiknað út með því að draga frá heildarflatarmálinu þau svæði innan beitarlandsins sem eru í **góðu ástandi m.v. vistgetu sína** (ekki hnignuð) en eiga ekki að teljast til beitarsvæða. Þau svæði sem hér um ræðir eru eftirfarandi:

1. Brattar brekkur og klettur (>30° halli)
2. Vötn og árfarvegir
3. Land með undir 20% æðplöntuþekju (þ.e. mosavaxin hraun, áreyrar, jökulaurar, auðnir).

Miðað skal við að svæði sem falla í þennan flokk séu kortlögð í mælikvarðanum 1:25.000 – 1:100.000 með minnstu kortlögðu einingar að lágmarki 2 ha fyrir mælikvarðann 1:25.000 og 10 ha fyrir mælikvarðann 1:100.000. Notast skal við bestu mögulegu gögn á hverjum tíma. Ef land í ofangreindum flokkum er í hnignuðu ástandi (sjá skilgreiningu í B lið) telst það hluti beitarlandsins og er flokkað samkvæmt lið B.

Hér aðeins fyrst um orðanotkun. Það er gríðarlega mikilvægt að orðanotkun sé vönduð í reglugerðum sem þessari. Hér eru notuð mismunandi orð yfir land sem er beitt eða tengist beit svo sem; **beitarland, beitarsvæði, nýtingarland, nýtingarsvæði**. Okkur sýnist að hér sé í sumum tilvikum notuð mismunandi orð yfir sama hlutinn. Hver er t.d. munurinn á beitarlandi og beitarsvæði? Ef þetta er það sama ætti aðeins að nota annað hugtakið, ef ekki þarf að vera ljóst í hverju munurinn er fölginn.

Í málsgreininni hér að ofan er sagt „Notast skal við bestu mögulegu gögn á hverjum tíma“. Að „notast við“ merkir að verða að nota eitthvað vegna þess að ekki fæst neitt annað betra, þ.e. nota eitthvað í hallæri eða út úr neyð. Hér er væntanlega átt við að **nota** skuli bestu gögn hverjum tíma.

B. Skipting í visteiningar og flokkun beitarlands

Nýtingarhluta beitarlandsins er skipt upp í visteiningar og þær metnar miðað við skilyrðin hér að neðan. Fyrir hverja visteiningu skal skilgreina viðmiðunarsvæði. Viðmiðunarsvæðið getur verið raunverulegt svæði sem hefur ekki raskast og endurspeglar því besta mögulega ástand visteiningarinnar, eða, ef slíkt svæði er ekki að finna, huglægt svæði þar sem besta ástandi lands er lýst, byggt á bestu fánægum upplýsingum og þekkingu. Ef visteiningin er ekki í hliðstæðu ástandi og áætlað viðmiðunarsvæði, að teknu tilliti til þess breytileika sem vænta má innan viðmiðunarsvæðisins, telst visteiningin í hnignuðu ástandi.

Þeir flokkar sem visteiningar eru flokkaðar í eru:

1. Beitarland í sjálfbærri nýtingu
2. Beitarland á leið í sjálfbæra nýtingu (landbótaáætlunar krafist)
3. Beitarland í ósjálfbærri nýtingu (landbótaáætlunar krafist)
4. Beitarland í ósjálfbærri nýtingu (land sem hentar ekki til beitar)

Miðað skal við að visteiningar séu kortlagðar í mælikvarðanum 1:12.000 – 1:100.000. Miðað er við minnstu kortlögðu einingar að lágmarki 2 ha fyrir 1:12.000 og 10 ha fyrir 1:100.000. **Notast skal við** bestu mögulegu gögn á hverjum tíma.

Hér er sett fram hugtakið „viðmiðunarsvæði“. Rétt er að benda á að það er ekki skilgreint í orðskýringum. Hvað átt er við er mjög óljóst en viðmiðunarsvæði getur bæði verið raunverulegt svæði og huglægt. Við gerum **verulegar athugasemdir** við þessa nálgun einkum vegna þess að alls ekki er ljóst við hvað á að miða þegar viðmiðunarsvæði fyrir hverja visteiningu eru ákvörðuð. Þetta er grundvallaratriði því ástand visteininga á að miða við þessi viðmiðunarsvæði. Gera verður þá kröfu að þetta sé skýrt þannig að ljóst sé hvernig viðmiðunarsvæðin eru valin að öðrum kosti er þessi nálgun **ónothæf**.

Þegar ákvarða skal beitarhæfni lands kemur að okkar mati vel til greina að taka mun meira tillit til þess hvort land er í framför eða ekki en gert er í þessari reglugerð. Í því sambandi má ætla að miklu máli skipti hvort land er að gróa, rofjaðrar og moldir að gróa, rofdílar að minnka, hversu land er loðið í lok beartíma, hver sé tíðni eða þekja ákveðinna vísitögunda í haganum (dæmi ákveðnar víðitegundir, smjörgras) og fleira mætti tiltaka.

C. Mat visteininga

I. Beitarland í sjálfbærri nýtingu

Til að visteiningar innan beitarlands geti talist í sjálfbærri landnýtingu án landbótaráætlunar þurfa þær að uppfylla eftirfarandi skilyrði um sjálfbærni:

1. Land undir 600 m.h.y.s. eða land í 600-700 m.h.y.s. þar sem að gróðurþekja æðplantna er yfir 50%
2. Land þar sem óvarin jarðvegur er undir 20% af flatarmáli þurrlendisyfirborðs og merki hnignunar eru óveruleg (visteining að öðru leyti í hliðstæðu ástandi miðað við

viðmiðunarsvæði)

3. Land þar sem halli er minni en 20°, eða land í 20°-30° þar sem þekja æðplantna er yfir 50% (t.d. grasi- eða skógi vaxnar hliðar)

4. Æðplöntuþekja meiri en 20%

Visteiningar innan þessa flokks haldast í þessum flokki svo lengi sem ekki verður breyting á ástandi þeirra vegna rasks eða hnignunar sem færir landið á milli flokka sbr. B lið. Þær visteiningar sem lenda í þessum flokki teljast í sjálfbærri nýtingu og teljast til sjálfbærni flatarmáls beitarsvæðisins.

Hér teljum við að ákvæði séu allt of flókin en þau eru auk þess illskiljanleg eins og þau eru hér sett fram. Til einföldunar leggjum við til að í 1. lið verði eingöngu miðað við 700 m hæðarmörk þannig að nýting lands neðan þeirra hæðarmarka geti mögulega talist sjálfbær sé öðrum skilyrðum fullnægt.

Í 3. lið leggjum við til að miðað sé við 30° halla.

Varðandi halla lands og beitarnýtingu þá virðist okkur að beit stórgripa og sauðfjár sé lögð að jöfnu. Alkunna er að stórgripir valda miklu meira álagi á landi en sauðfé vegna munar í þunga gripa. Beit stórgripa, einkum hrossa, í brattlendi getur verið mun skaðlegri og valdið alvarlegra rofi en beit sauðfjár. Við teljum því að hér þurfi að gera greinarmun á í reglugerðinni.

Í 4. lið er miðað við 20% æðplöntuþekju. Það er að mörgu leyti gott að miða við þekju æðplantna en okkur þykja það of þröng skilyrði. Við teljum að land með mikla heildargróðurþekju þar sem mosi er stór hluti þekjunnar komi vel til greina sem beitiland í sjálfbærri nýtingu þótt heildarþekja æðplanta sé undir 20%. Má þar t.d. nefna mosahraunavist (81% heildarþekja) og fléttuhraunavist (91% heildarþekja) (sjá ritið Vistgerðir á Íslandi). Rétt er að nefna að beit, traðk og teðsla sem henni fylgir er ekki ætíð til tjóns fyrir gróður heldur getur stuðlað að meiri fjölbreytileika í gróðri og getur jafnvel aukið landnám planta.

Hér vaknar önnur spurning. Hvað með lítt gróið land á láglandi og inn til heiða með æðplöntuþekju sem er langt undir 20%. Dæmi um slíkt land eru hinir víðáttumiklu áraurar og sandar sunnan jökla sem umbyltast í leysingum og stórflóðum af völdum eldgosa, land sem jöklar eru að hörfa af þessa áratugina, hraun sem renna frá eldfjöllum og allt niður á láglandi. Hver verður gróðurframvinda á þessu landi ef beit á því telst samkvæmt reglugerðinni ósjálfbær vegna lágrar æðplöntuþekju. Vætanlega verður óheimilt að láta búfé ganga á því. Að okkar mati mun það leiða til vaxandi og stórfelldrar útbreiðslu alaskalúpínu og fleiri framandi tegunda á slíku landi þannig að ekkert verði við ráðið. Sauðfjárbeit er að okkar dómi eina aflið sem setur útbreiðslu lúpínu nokkur takmörk vítt og breytt um landið. Við teljum af þessum sökum mjög varhugavert að takmarka beit með öllu á ofangreindu landi.

Undir þessum lið er ekkert minnst á fjölda búfjár og lengd beitartíma, þ.e. atriði sem ákvarða beitarpunga/beitarálag. Hvernig hugsa menn sér að stjórna beit á þeim svæðum sem falla undir land í sjálfbærri nýtingu? Verður það algerlega undir landeiganda/umráðamönnum lands komið svo lengi sem landið fellur undir land í sjálfbærri nýtingu?

II. Beitarland á leið í sjálfbæra nýtingu (Landbótaáætlunar krafist)

Þetta eru visteiningar í hnignuðu ástandi m.v. viðmiðunarsvæði, þ.e. ástand þeirra er ekki í samræmi við langtímavistgetu og skv. landbótaráætlun mun landið ná að uppfylla viðmið um sjálfbærni, sbr. I, innan 20 ára. Visteiningar sem falla í þennan flokk er hægt að beita svo framarlega sem að þær séu ekki meira en 30% af heildarflatarmáli nýtingarsvæðisins. Beitarnýtingin í þessum flokki telst ekki sjálfbær en flokkast sem “á leið til sjálfbærni”.

Hér eru sett þau mörk að land þurfi að uppfylla viðmið um sjálfbærni á 20 árum og að ósjálfbærar visteiningar séu ekki yfir 30% af heildarflatarmáli nýtingarsvæðis (væntanlega átt við nýtingarland). Við erum ekki í færi til að gagnrýna eða meta þessi mörk en fróðlegt væri að vita hvaða vísindaleg rök liggja þarna að baki.

III. Beitarland í ósjálfbærri nýtingu (Landbótaáætlunar krafist)

Þetta eru visteiningar í hnignuðu ástandi m.v. viðmiðunarsvæði, þ.e. ástand þeirra er ekki í samræmi við vistgetu og skv. landbótaráætlun mun það taka lengri tíma en 20 ára að ná viðmiðum um sjálfbærni. Visteiningar sem falla í þennan flokk henta ekki til beitar í núverandi ástandi og beit á þeim telst ósjálfbær.

Hér svipaðar athugasemdir og við lið II. Fróðlegt væri að sjá hvaða rök liggja að baki ákvæðum um 20 ár til að ná viðmiðum um sjálfbærni.

IV. Land í ósjálfbærri nýtingu (Land sem hentar ekki til beitar)

Sumar visteiningar, m.a. vegna legu þeirra í landi eða annars, geta aldrei talist til beitarlanda.

1. Land í yfir 700 m.h.y.s. og land í 600-700 m.h.y.s. þar sem að gróðurþekja æðplantna er undir 50%

2. Land í yfir 30° halla og land í 20°-30° halla með undir 50% þekju æðplantna

3. Land þar sem nýting hefur fyrirsjáanlega neikvæð áhrif á náttúrufar, m.a. sérstakt gróður- eða dýralíf eða neikvæð áhrif á mikilvægar vistkerfisþjónustur sbr. vatnsmiðlun og kolefnisbúskap

Visteiningar sem lenda innan þessa flokks á ekki að nýta til beitar. Ef þær eru nýttar til beitar telst sú nýting ósjálfbær.

Við ákvörðun um nýtingu í landbótaáætlunum skal horfa á þann hluta beitarlandsins sem mögulegt er að nýta á sjálfbæran hátt skv. reglugerð þessari og til þess hversu vel það land hentar til beitar. Hafa ber varúðarregluna að leiðarljósi við gerð landbótaáætlana og þegar teknar eru ákvarðanir um landnýtingu.

Hér leggjum við til að þetta verði einfaldað líkt og í lið I.

Í 1. lið verði miðað við 700 m h.y.s. án þess að tiltaka þekjumörk.

Í 2. lið verði miðað við 30° halla án þess að tiltaka þekjumörk.

D. Útreikningar á sjálfbærri nýtingu beitarlands

Fyrir hvert beitarland skal reikna út sjálfbærnistuðul sem reiknast svo:

$$\text{Sjálfbærnistuðull} = [(\text{flatarmál lands með sjálfbæra nýtingu}) / (\text{flatarmáli nýtingarland})]$$

E. Vöktun á ástandi beitarlands

Ástand og breytingar á ástandi visteininga sbr. B hluta, skulu metnar á að minnsta kosti 5 ára fresti.

Að taka út allt beitoland á landinu á fimm ára fresti er göfugt markmið. Við teljum nokkurn vafa leika á að það sé framkvæmanlegt. Þetta er auk þess stuttur tími þegar litið er til hraða gróðurframvindu til heiða og á hálendi og með tilliti til þróunar í búfjárfjölda og beitarháttum. Verður auk þess mjög kostnaðarsamt ef gera á að þetta svo ört. Við teljum þetta því óraunhæfar kröfur.

3. gr. Innleiðing.

Allt land sem nýtt er til beitar á að vera nýtt á sjálfbæran hátt en til að gefa landnotendum tækifæri á að bregðast við þessari reglugerð verður hún innleidd í áföngum.

Áfangi 1 - innleiðing 2021:

Gerðar eru kröfur um að nýtingarland sé að lágmarki 60% af flatarmáli beitarlandsins og sjálfbærnistuðull 50%.

Áfangi 2 - innleiðing 2027:

Gerðar eru kröfur um að nýtingarland sé að lágmarki 70% af flatarmáli beitarlandsins og sjálfbærnistuðull 70%.

Áfangi 3 - innleiðing 2031:

Gerðar eru kröfur um að nýtingarland sé að lágmarki 75% og af flatarmáli og sjálfbærnistuðull 85%.

Innleiðingu er skipt í þrjá áfanga, sá fyrsti skal hefjast á þessu ári, þ.e. 2021 og sá næsti sex árum síðar og loks sá síðasti eftir 10 ár, þ.e. 2031. Auk þess eru gerðar stöðugt meiri kröfur um hlutfall nýtingarlands og sjálfbærnistuðul.

Okkur þykir hér mjög bratt af stað farið. Í því sambandi má spyrja hvort þegar sé búið að meta ástand allra beitolanda svo unnt fara í innleiðingu á þessu ári? Þar sem gróðurframvinda er afar hæg á hálendi og heiðum og uppgræðsla tekur langan tíma má ætla að þetta leiði til mikilla og stigvaxandi breytinga á núverandi fyrirkomulagi beitar á afar stuttum tíma.

Vonandi hafa höfundar þessarar reglugerðar reiknað út hvað muni breytast við

innleiðinguna. Þar sem um er að ræða miklar breytingar á fyrirkomulagi beitar á öllu landinu er eðlilegt að Landgræðslan geri betur grein fyrir áhrifum þessarar reglugerðar með reiknuðum dæmum fyrir einstaka landshluta eða svæði og kynni t.d. niðurstöðurnar á opinberum fundum.

4. gr. Þjálfun og réttindi úttektaaðila.

Landgræðslan, getur sett vinnureglur um kröfur til og viðurkenningu aðila sem geta séð um mat á ástandi beitarlanda m.t.t. sjálfbærni.

Niðurstaða

Hér er um að ræða reglur sem munu breyta miklu um búfjárbætur á Íslandi. Því er afar mikilvægt að vel sé að þeim staðið, þær séu skýrar og skiljanlegar fyrir þá sem eiga að tileinka sér þær og fara eftir. Að okkar mati vantar mikið upp á að svo sé. Beit sauðfjár og stórgripa virðist lögð að jöfnu sem er mjög óraunhæft. Reglugerðin er flókin og margt í henni óljóst auk þess sem þar eru ýmis ákvæði sem illmögulegt og kostnaðarsamt verður að fylgja eftir. Má þar t.d. nefna hvernig staðið skal að mati á landi (dæmi viðmiðunarsvæði) og eftirfylgni en einnig þarf að bæta skilgreiningar í reglugerðinni og vanda betur notkun hugtaka. Þá þykir okkur lítil gaumur gefinn að aukinni útbreiðslu framandi tegunda í reglugerðinni, svo sem alaskalúpínu en sauðfjárbætur hefur mikil áhrif á hana. Reglugerðin gæti leitt til stórauðinnar útbreiðslu framandi tegunda á láglandi svæðum landsins.

Við leggjum því til að reglugerðin verði vandlega endurskoðuð og vísam við þar til þeirra athugasemda sem við höfum sett fram hér að ofan.

27. október 2021

Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon,
plöntuvistfræðingar